

Fundur haldinn 20. nóvember 2012 í Hermes Reyðarfirði kl. 10:30. Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

#### Dagskrá fundarins.

1. Biðlisti eftir sálfræðipjónustu hjá SKA
  2. Málefni fatlaðs fólks – yfirlit yfir fjárframlög ársins
- 
1. Forstöðumaður lagði fram yfirlit yfir stöðu mála vegna biðlista eftir sálfræðipjónustu. Skólaárið 2011-12 bárust 139 beiðnir um sálfræðipjónustu, 111 vegna grunnskólanemenda og 28 leikskólabarna. Af þessum 139 nemendum voru 60 enn á biðlista haustið 2012. Við upphaf skálaársins 2012-2013 voru 75 nemendur á biðlista eftir sálfræðipjónustu, en um sumarið bættust 15 beiðnir við þær sem fyrir voru. Meðalbiðtími við lok síðasta skólaárs var um 6,2 mánuðir. Í dag bíða 62 nemendur eftir sálfræðipjónustu. Fundarmenn ræddu mikilvægi þess að vinna að því að stytta biðlistann sem fyrst. Farið var yfir helstu ástæður tilvísana og hvernig hægt er að styðja við þjónustu eftir að úrvinnsla hefur farið fram hjá Skólaskrifstofunni.
  2. Forstöðumaður lagði fram yfirlit um inn- og útgreiðslur vegna málefna fatlaðs fólks miðað við stöðuna 19.11. 2012. Inngreiðslur eru kr. 309.636.359,- þar af eru greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga kr. 236.262.165,- Útgreiðslur skv. rekstraráætlun eru kr. 296.015.181,- Fram kom hjá forstöðumanni að Þjónustuhópur SKA er að vinna úr málum þar sem brýn þörf á aukinni þjónustu hefur myndast vegna breyttra aðstæðna. Því er ekki ljóst á þessari stundu hver endanlegur mismunur verður á rekstraráætlun og inngreiðslum en það mun liggja fyrir fljótlega. Rætt var um ófyrirséðan kostnað með tilliti til liðar 3C úr fundargerð stjórnar SKA frá 25.10.2012. Fundarmenn voru sammála um að starfsmannamál falla ekki undir ófyrirséðan kostnað en vísa til fundargerðar framkvæmdastjórnar frá 14. febrúar 2012, 1. liðs.

Framkvæmdastjórn áætlar að hitta Þjónustuhóp SKA 12. desember n.k. og ræða m.a. framtíðarsýn og frekari uppbyggingu þjónustunnar á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00  
Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson